

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 124/1986. **Tæknifræðingafélag Íslands**

(Þórunn Guðmundsdóttir hdl.)

gegn

iðnaðarráðherra og

(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)

Birni Gunnarssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Tómlæti. Stjórnsýsla. Starfsheiti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari og Sigurður Línal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1986. Hann gerir þær dómkröfur að dæmt verði ógilt leyfi sem stefndi iðnaðarráðherra veitti stefnda Birni Gunnarssyni árið 1978 til að mega kalla sig tæknifræðing og að stefndu verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi iðnaðarráðherra krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Björn krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru rakin atvik máls þessa, þar á meðal viðbrögð áfrýjanda við þeirri ákvörðun iðnaðarráðherra að veita stefnda Birni heimild til að kalla sig tæknifræðing. Mál þetta höfðaði áfrýjandi er liðið var á sjöunda ár frá því þetta gerðist. Þar sem svo verulega dróst að áfrýjandi höfðaði mál þetta þykir hann hafa sýnt slíkt tómlæti að hann geti af þeirri ástæðu ekki fengið í málinu hnekkkt greindri stjórnvaldsákvörðun sem varðar ríka hagsmuni stefnda Björns. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til, þar á meðal ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda Birni 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og er þá tekið tillit til sérstaks sölugjalds af málflutningsþóknun, en eftir atvikum verður málskostnaður gagnvart stefnda iðnaðarráðherra látinn falla niður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti gagnvart stefnda iðnaðar-ráðherra falli niður en áfrýjandi, Tæknifræðingafélag Íslands, greiði stefnda Birni Gunnarssyni 60.000,00 krónur í málskostn-að fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar setts hæstaréttardómara.

Ég er sammála því áliti meirihluta dómenda, að áfrýjandi hafi sýnt mjög verulegt tómlæti um höfðun máls þessa, en tel varhuga-vert að hafna kröfum hans á grundvelli þess eins.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lagt fram matsgerð Ragnars Ingimarssonar prófessors, Stefáns Ólafs Jónssonar deildarstjóra og Hauks Pálmasonar verkfræðings, dags. 7. maí 1988, en þeir voru dómkvaddir að beiðni hans eftir að dómur gekk í héraði til að gera samanburð á tæknifræðinámi í Noregi, Danmörku og á Íslandi, eins og námi þessu hefði verið háttað á árunum 1969 - 1976, um lágmarksinntökuskilyrði, námsefni, kennslugögn, kennsluaðferðir og lengd námstíma. Störf sín byggðu matsmenn að mestu á gögnum, sem málsaðilar lögðu fram, og voru þau gagnanna, er varða námið í Noregi, að mestu fengin úr málinu sjálfu. Niðurstöður þeirra eru meðal annars á þá leið, að kröfur til þeirra sem hefja vildu tækni-fræðinám hafi á þessum árum verið mestar í Danmörku, en minnstar í Noregi. Skráð lengd reglulegs námstíma hafi verið hin sama í löndunum þrem, eða þrjú ár. Á hinn bóginn virðist svo sem innihald námsins hafi verið nokkuð mismunandi, og megi telja tæknifræðinám í Noregi hafa verið eitt ár á menntaskólastigi og tvö á háskólastigi, en í Danmörku og á Íslandi þrjú ár á háskóla-stigi. Beinan samanburð á námsefni kváðu þeir sér ekki unnt að gera, en kennsluaðferðir töldu þeir svipaðar í tækniskólum land-anna. Um verkefni sitt sögðu matsmenn, að fyllri gögn og umfangs-mikla rannsókn á starfsemi allmargra skóla í Noregi og Danmörku auk Tækniskóla Íslands mundi til þurfa, ef svara ætti öllum spurn-ingum sem fyrir þá voru lagðar með fullu öryggi og viðhlítandi rök-stuðningi. Matsgerð þessi þykir ekki raska stöðu málsins frá því sem

var í héraði, og stefndu hafa ekki mótmælt framlagningu hennar.

Við lýsingu málavaxta í hinum áfrýjaða dómi verður að gera þá athugasemd, að ekki er óyggjandi af gögnum málsins, að tæknifræðingar frá norskum skólum hafi verið skráðir í flokki Ab samkvæmt skráningarreglum Evrópusamtaka tækni- og verkfræðingafélaga (FEANI) á þeim tíma, sem hér skiptir máli, heldur virðist mögulegt að þeir hafi einnig eða í þess stað verið skráðir í flokki Ba, sem náði líka til manna menntaðra við tekniska æðri skóla. Hið fyrra er gefið til kynna í yfirliti um verk- og tæknifræðimenntun í Noregi, sem norska tæknifræðingafélagið (NITO) dreifði á árinu 1978, en hið síðara virðist mega álykta af bréfi frá sama aðila til iðnaðarráðuneytisins 20. júní 1985. Um þetta álitæfni hafa málsaðilar ekki lagt fram nánari gögn. Vafinn um þetta atriði raskar ekki meginforsendum hins áfrýjaða dóms, og ekki hefur þýðingu að leysa úr honum hér fyrir dómi.

Þegar áfrýjandi tók ákvörðun um það vorið 1969 að hætta að viðurkenna norska tækniskóla sem fullgilda til náms í tæknifræði samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1968 var það gert með allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu, þar sem tilskilinn meirihluti félagsmanna, er þátt tóku í henni, reyndist samþykkur ákvörðuninni. Kveður áfrýjandi ákvörðunina hafa verið staðfesta á aðalfundi félagsins sama ár. Enda þótt atkvæðagreiðsla sem þessi sé lýðræðisleg leiðir hún ekki til eiginlegrar rökstuddrar niðurstöðu um þá spurningu, sem upp er borin, nema spurningunni fylgi rök, sem þátttakendur geti gert að sínum. Við umrædda atkvæðagreiðslu voru félagsmenn einungis beðnir að svara því játandi eða neitandi, hvort þeir væru samþykkir áframhaldandi viðurkenningu Tæknifræðingafélags Íslands á norskum tæknifræðiskólum. Upplýst er að atkvæðagreiðslan átti sér töluverðan aðdraganda í umræðum og athugunum á vegum félagsins, auk þess sem áfrýjandi kveður kynningargögn um málið hafa verið send til félagsmanna. Hann hefur þó ekki upplýst í málinu svo fullnægjandi sé, hvaða gögn þetta voru eða hvers efnis, eða dregið innihald þeirra saman með þeim hætti, að af því megi sjá mótaðan málefnalegan rökstuðning, sem félagsmenn hafi verið að taka afstöðu til.

Í erindum sínum til iðnaðarráðuneytisins varðandi leyfisveitingu

þess til stefnda Björns gerði félagsstjórn áfrýjanda ráðuneytinu grein fyrir því, sem hún taldi vera helstu rökin að umræddri ákvörðun félagsins. Mátti ráða af þeim, að um væri að ræða mikilvæga stefnubreytingu frá því sem verið hefði á tímum fyrrgreindrar lagasetningar eða mikilvæga breytingu á aðstæðum í tæknifræðinámi, sem félagið teldi sig þurfa að bregðast við með þessum hætti. Við slíkar aðstæður var áfrýjanda nauðsynlegt að standa að hinni umdeildu ákvörðun með skýrari og málefnalegri hætti en raun varð á. Sú nauðsyn var enn brýnni fyrir þá sök, að telja mátti álitamál, hvort ákvörðunin væri samrýmanleg lögum nr. 73/1968 og innan þeirra marka, sem hlutverki félagsins væru þar sett.

Samkvæmt upplýsingum frá norska tæknifræðingafélaginu var menntun við tækniskóla í Noregi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, sambærileg í öllum aðalatriðum. Verður áfrýjandi vart gagnrýndur fyrir það, að samþykkt félagsins beindist að skólunum í heild fremur en einstökum skólum, sem eðlilegra mætti virðast að öðru jöfnu. En með tilliti til þess, sem fyrr greinir, verður ákvörðun áfrýjanda við atkvæðagreiðslu vorið 1969 að teljast haldin þeim formgöllum og efnislegum annmörkum, að stefnda iðnaðarráðherra hafi verið leyfilegt á grundvelli 5. gr. laga nr. 73/1968 og almennra valdheimilda að telja sig óbundinn af henni við ákvörðun um leyfisveitingu til stefnda Björns. Jafnframt verður að telja, að svör félagsstjórnar áfrýjanda við erindum ráðherrans varðandi stefnda Björn hafi ekki falið í sér sjálfstæða ákvörðun stjórnarinnar í máli hans, heldur tilvísun til hinnar umdeildu atkvæðagreiðslu.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjanda dóms, að sýkna verði stefndu af kröfum áfrýjanda. Er ég þannig sammála þeirri niðurstöðu um efni málsins, sem lýst er í atkvæði meirihluta dómenda, og einnig ákvörðun þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Tæknifræðingafélagi Íslands, nnr. 8959-2542, Lágmúla 7, Reykjavík, gegn iðnaðarráðherra, Sverri Hermannssyni, nnr. 8765-2156, Arnarhvoli, Reykjavík, og Birni Gunnarssyni tæknifræðingi, nnr. 1332-1388, Spóahólum 10, Reykjavík, með stefnu birtri 14. og 15. mars 1965.

Dómkröfur stefnanda eru þær að dæmt verði ógilt leyfi sem iðnaðarráðherra veitti stefnda Birni Gunnarssyni árið 1978 til að mega kalla sig tækni-fræðing. Að auki er þess krafist að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda iðnaðarráðherra eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Björns Gunnarssonar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda Birni tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Aðalflutningur máls þessa fór fram hinn 16. janúar sl., og var málið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann dag. Málið var endurupptekið 14. febrúar sl., fram voru lögð viðbótargögn, málið var endurflutt og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir:

Í 5. gr. laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga segir að rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti sem feli í sér orðið tæknifræðingur hafi þeir menn einir hér á landi sem fengið hafi til þess leyfi ráðherra. Í 1. mgr. 6. gr. greindra laga segir að engum megi veita leyfi það sem um ræði í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkenni sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Tæknifræðingafélag Íslands, stefnandi í máli þessu, var stofnað árið 1960. Í lögum félagsins er kveðið á um það að markmið þess sé m.a. að stuðla að aukinni tæknivæðingu á Íslandi, efla skilning á starfi tæknifræðinga og að auka og viðhalda menntun félaga. Stefnandi hefur viðurkennt Tækniskóla Íslands, svo og tækniskóla í Danmörku, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð sem fullgilda skóla í tæknifræði. Árið 1969 var efnt til allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna stefnanda um það hvort norskir tæknifræðiskólar skyldu áfram njóta viðurkenningar. Fram komu 99 gild atkvæði. Niðurstaða varð sú að nei sögðu 67, en já 30. Auðir seðlar voru 2. Niðurstaða þessi var kynnt iðnaðarráðuneytinu. Engu að síður og þrátt fyrir andstöðu stefnanda hefur iðnaðarráðuneytið veitt mörgum mönnum sem lokið hafa prófi frá norskum tækniskólum leyfi til að mega kalla sig tæknifræðinga.

Stefndi Björn Gunnarsson lauk vorið 1976 tæknifræðinámi í véltækni-fræði með „konstruktion“ sem sérgrein við Sörlandets Tekniske Skole í

Grimstad Noregi. Skólinn heitir nú Sörlandets Ingeniör Högskole. Björn hafði þá stundað nám í tvo vetur við skólann. Áður hafði Björn lokið landsprófi og gagnfræðaprófi og stundað nám í þrjá vetur við Tækniskóla Íslands, einn vetur í undirbúningsdeild, einn vetur í raungreinadeild og í einn vetur í fyrri hluta véladeildar.

Stefndi sótti þegar að loknu fullnaðarprófi sínu um inngöngu í Tæknifræðingafélag Íslands, en umsókn hans var hafnað með bréfi stefnanda dagsettu 20. október 1976 í samræmi við fundarsamþykkt frá 31. mars 1969 um viðurkenningu á norskum skólum.

Með bréfi dagsettu 3. mars 1977 fór stefndi þess á leit við iðnaðarráðuneytið að honum yrði veitt leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur. Ráðuneytið sendi umsóknina til umsagnar Tæknifræðingafélags Íslands, sem með bréfi dagsettu 14. júní 1977 lýsti því yfir að stjórn félagsins mælti ekki með löggildingu Björns þar eð nám hans fullnægði ekki kröfum félagsins um fullgilt tæknifræðinám.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1977 til stefnanda óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því að stefnandi gerði ítarlega grein fyrir því á hverju hann byggi synjun sína. Í svarbréfi stefnanda til iðnaðarráðuneytisins, sem dagsett er 29. júní 1977, er m.a. tekið fram af þessu tilefni að á félagsfundi Tæknifræðingafélags Íslands 31. mars 1969 hafi verið ákveðið að viðhafa almenna atkvæðagreiðslu um það hvort halda ætti áfram að viðurkenna norsku skólana, en þeir hefðu að ýmissa áliti slakað svo mjög á menntunarkröfum að þeir teldust ekki sambærilegir við aðra viðurkennda tæknifræðiskóla. Þessi ákvörðun hafi síðan verið staðfest á aðalfundi félagsins sama ár.

Í kjölfar þessa hóf ráðuneytið sjálfstæða athugun á stöðu norskra tæknifræðiskóla sbr. bréfaskipti ráðuneytisins og Norges Ingeniør Organisation (NITO) og norska kirkju- og menntamálaráðuneytisins á dskj. 23 - 26. Báðir ofangreindir aðilar komust að þeirri niðurstöðu að eigi hefði verið slakað á menntunarkröfum í umræddum norskum tæknifræðiskólum. Ráðuneytið féllst því ekki á hina synjandi umsögn tæknifræðingafélagsins.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1978 veitti iðnaðarráðuneytið Birni Gunnarsyni, með skírskotun til 5. gr. laga nr. 73/1968, heimild til að kalla sig tæknifræðing. Leyfisveitingin var tilkynnt stefnanda með bréfi sama dag.

Með bréfi dagsettu 16. október 1978 gerði Tæknifræðingafélag Íslands kröfu um að leyfið yrði afturkallað. Með bréfi ráðuneytisins dagsettu 27. október 1978 var Tæknifræðingafélagi Íslands tilkynnt að leyfið yrði ekki afturkallað þrátt fyrir áskorun félagsins. Hinn 23. nóvember 1978 kærði Tæknifræðingafélag Íslands leyfisveitingu þá sem hér um ræðir ásamt leyfisveitingu til þriggja annarra manna, sem svipað stóð á um, til Saka-

dóms Reykjavíkur. Kæran var send Ríkissaksóknara sem komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki sóknarvald í málinu.

Í bréfi stefnanda til iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 23. janúar 1979, kemur fram að stjórn Tæknifræðingafélags Íslands hafi ákveðið að leita aðstoðar dómstóla, jafnframt sem ítrekuð var sú ósk að afturkölluð yrðu leyfi þargreindra fjögurra manna sem ráðuneytið hafði heimilað að kalla sig tæknifræðinga.

Tæknifræðingafélag Íslands hefur ítrekað mótmælt leyfisveitingum iðnaðarráðuneytisins til tæknifræðinga frá norskum tæknifræðingaskólum og hefur ágreiningur aðila þar um leitt til dómsmáls þessa.

III.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi byggir á því, að tilgangurinn með lögum nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, sé tvíþættur: Í fyrsta lagi að veita þeim sem lagt hafi á sig það nám sem lögin greini vissa vinnuvernd. Í öðru lagi að vernda almenning sem eigi að geta treyst því að þeir sem segist vera tæknifræðingar standi undir því nafni. Löggjafinn hafi með setningu laga nr. 73/1968 selt stefnanda úrslitavaldið um viðurkenningu á tækniskólum hvað varði nám í tæknifræði. Úr því að stefnandi viðurkenni ekki lengur norsku skólana þá hafi stefnda iðnaðarráðherra brostið heimild til þess að veita stefnda Birni leyfið, hvað sem liði réttmæti skoðunar stefnanda á norsku skólunum. Stefndi iðnaðarráðherra hafi þannig farið út fyrir valdmörk sín, eins og þau séu mörkuð í lögum nr. 73/1968.

Þessa niðurstöðu sína byggir stefnandi á ákvæðum 6. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 73/1968, sbr. og 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Sýknukröfu sína reisir stefndi iðnaðarráðherra í fyrsta lagi á því að samkvæmt almennri grundvallarreglu íslensks stjórnarfars og með heimild í 5. og 6. gr. og 9. gr. laga nr. 73/1968 hafi verið rétt og skylt að meta sjálfstætt hvort norsku tæknifræðingaskólarnir hafi verið fullgildir skólar í þeirri grein.

Í öðru lagi þá sé það meginregla íslensks stjórnskipunarréttar, sem fram komi m.a. í 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar, að ráðherra fari með æðsta framkvæmdavald ríkisins í sínum málaflokk. Ákvæði 9. gr. laga 73/1968 sé í samræmi við þessa meginreglu og eigi því ráðherra æðsta úrskurðarvald um notkun starfsheitisins tæknifræðingur.

Í þriðja lagi er því haldið fram að jafnvel þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að tæknifræðingafélagið hafi samkvæmt 6. gr. laga nr. 73/1968 úrslitavaldið um viðurkenningu á tækniskólum beri engu að síður að sýkna

iðnaðarráðherra af kröfu stefnanda, þar sem afturköllun tæknifræðinga-félagsins á viðurkenningu á norsku tæknifræðingaskólunum hafi ekki verið lögmæt og því óbindandi fyrir iðnaðarráðherra.

Standist sú tulkun stefnanda að löggjafinn hafi selt tæknifræðingafélaginu úrslitavald um viðurkenningu á tækniskólum að þessu leyti, þýði það að félaginu hafi verið falið visst hlutverk við framkvæmd laga sem venjulega séu framkvæmd af ráðherra sem æðstu handhöfum framkvæmdavaldsins. Sé svo beri félaginu við það mat að fara að lögum og venjum er gildi um stjórnvaldsathafnir við úrskurð sinn. Öll efnisrök hafi hinsvegar skort fyrir afturkölluninni og sé hún því ólögmæt.

Í fjórða lagi er enn fremur bent á að stefnandi hafði í raun gert afturköllun sína á viðurkenningu norsku tæknifræðingaskólanna marklausa með því að fara þess á leit við iðnaðarráðuneytið með bréfi dagsettu 25. mars 1975 (dskj. nr. 21) að einum tæknimenntuðum manni sem útskrifaðist frá sama skóla og stefndi Björn yrði veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðing. Hafi ráðuneytið gefið út leyfisbréf skv. þeirri beiðni hinn 4. apríl 1975.

Í fimmta lagi er því haldið fram að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti sem leiða eigi til sýknu. Er einkum bent á að lítið hafi verið aðhafst frá því að leyfið var veitt 21. júní 1978, afturköllun þess synjað af ráðuneytinu 27. október 1978, og því að málinu var vísað frá sakadómsmeðferð 29. desember 1978 og þar til dómsmál þetta hófst vorið 1985.

Stefndi Björn Gunnarsson byggir dómkröfur sínar á því að þar sem fagleg rök og gögn skorti sem réttlætt gæti ákvörðun stefnanda um niðurfellingu á viðurkenningu norsku tækniskólanna hafi ráðherra verið heimilt að veita stefnda leyfi til að kalla sig tæknifræðing. Þá telur stefndi enn fremur að ráðherra hafi sérstaka heimild skv. 9. gr. laga 73/1968 til þess að úrskurða um ágreining sem þennan sem felist í því hvort stefndi Björn hafi heimild til þess að kalla sig „ingeniör“ eða tæknifræðing. Það hafi ráðherrann gert og hafi úrskurður hans verið á þá leið að stefnda Birni var veitt leyfi til að nota heitið tæknifræðingur „ingeniör“.

Þá telur stefndi Björn að þótt stefnandi teldist hafa tekið löglega ákvörðun um það að fella niður viðurkenningu vegna norsku skólanna hafi félagið í raun tekið upp viðurkenningu á þeim aftur árið 1975 með því að mæla með því við ráðherra að hann veitti tveimur norskmenntuðum tæknifræðingum heimild til að kalla sig tæknifræðinga. Þannig hafi félagið í reynd endurskodað afstöðu sína til norsku skólanna og ráðherranum verið heimilt að byggja leyfið til stefnda á því.

Stefndi Björn telur enn fremur að það hafi verið skylda ráðherrans að koma í veg fyrir þá mismunun sem hlóist hefði ef stefndi Björn hefði ekki fengið umdeilt leyfi þrátt fyrir það að tveir aðrir tæknifræðingar sem eins var ástatt um hafi fengið það. Telja verði að strangar kröfur verði að gera

um ákvarðanir sem svo mjög skipta hin helgustu réttindi manna, atvinnu-réttindin, séu byggðar á traustum grunni.

Loks hefur stefndi Björn tekið undir varnarástæður stefnda iðnaðar-ráðherra um aðgerðarleysi stefnanda og það að stefnanda hafi verið óheimilt að afturkalla þá viðurkenningu sem hann hafi þegar veitt norskum tæknifræðiskólum.

Stefndi Björn byggir og á sömu lagarökum og stefndi iðnaðarráðherra í máli þessu.

Gefið hafa skýrslur fyrir dóminum Jónas Guðlaugsson rafveitustjóri, Sigurður Georgsson, framkvæmdastjóri stefnanda, stefndi Björn Gunnars-son svo og vitnin Svanlaugur Sveinsson tæknifræðingur og Jón Ingi Haraldsson tæknifræðingur.

IV.

Álit dómsins.

Í máli þessu er um það deilt, svo sem fram er komið, hvort stefnda iðnaðarráðherra hafi verið heimilt að veita stefnda Birni Gunnarssyni leyfi til þess að kalla sig tæknifræðing, svo sem gert var með leyfisbréfi dagsettu 21. júní 1978 án þess að fyrir lægi samþykki stefnanda.

Ekki verður talið, svo sem haldið er fram af hálfu stefndu í málinu, að iðnaðarráðherra eigi á grundvelli 9. gr. laga nr. 73/1968 úrskurðarvald um ágreining sem þann er mál þetta er risið af, enda verður ótvírætt af lögskýr-ingargögnum ráðið að úrskurðarvald ráðherra samkvæmt því lagaákvæði hafi einungis átt að taka til ágreinings er risið gæti út af notkun orðsins „ingeniör“ í samsettum starfsheitum.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að því hvort iðnaðarráðherra hafi farið út fyrir valdmörk sín við umrædda leyfisveitingu samkvæmt ákvæð-um 5. og 6. gr. laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræð-inga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 73/1968 er rétturinn til þess að kalla sig starfsheitinu tæknifræðingur háður leyfi ráðherra. Samkvæmt ákvæð-um 6. gr. sömu laga er það skilyrði slíkrar leyfisveitingar að viðkomandi hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Greind ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 73/1968 eru samhljóða lagaákvæðum í 5. og 6. gr. eldri laga nr. 44/1963 um rétt manna til að kalla sig verkfræð-inga, húsameistara eða tæknifræðinga. Með þeim lögum var tekið upp starfsheitið tæknifræðingur til handa þeim mönnum sem áður nefndust iðn-fræðingar samkvæmt lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Með lögum nr. 44/1963 var tæknifræðingum jafnframt heimilað að nota orðið „ingeniör“ í sambandi

við starfstítil sinn. Varðandi þetta erlenda starfsheiti er tekið fram í greinargerð með frumvarpi að greindum lögum að flestir þeirra manna hér á landi sem leyfi hafi samkvæmt lögum nr. 24/1937 til að kalla sig iðnfræðinga hafa lokið prófi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð eða Þýskalandi frá tækniskólum sem í þessum löndum útskrifi menn sem þar mega nota starfsheitið „ingeniör“. Gert var ráð fyrir að í lagabreytingunni fælist aðeins að þeim sem lokið hefðu prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis væri heimilt að bera það starfsheiti sem þarlendir menn mega nota að loknu sama prófi.

Með 6. gr. laga nr. 73/1968 er stefnanda fengið ákvörðunarvald sem er forsenda leyfisveitingar af hálfu ráðherra um starfsréttindi þau sem um er fjallað í málinu. Slíkar ákvarðanir verða þó að vera löglegar bæði að formi og efni svo að á þeim verði byggt. Eiga dómstólar úrskurðarvald um hvort svo hafi verið.

Þess er fyrst að geta að gögn þau um samanburð á tæknifræðinámum í Noregi, Danmörku og Vestur-Þýskalandi, sem stefnandi studdist við er hann ákvað að hætta að viðurkenna norska skóla eru ófullkomin. Sá samanburður byggðist einkum á að mæla lengd námstíma í einstökum löndum án þess að samanburður færi fram á námsefni, kennsluaðferðum og kennslugögnum. Þessi samanburður var einkum framkvæmdur af trúnaðarmönnum stefnanda, ennfremur var viss samanburður gerður af Guðmundi Arnlaugssyni þáverandi rektor og Sveinbirni Björnssyni prófessor að beiðni stefnanda. Sá samanburður fól í sér mat um almennt menntunargildi tæknifræðináms í Noregi og Danmörku. Í skýrslunni á dskj. nr. 57, sem undirrituð er af Sveinbirni einum, segir m.a. svo:

„Að lokum vil ég taka fram að við teljum þetta mat engan veginn endanlegt heldur ber að lita á það sem frumdrög og þau ber að endurskoða, helst með nefndarstarfi þeirra, sem betur til þekkja. Við teljum því fráleitt að þetta mat sé nógu traust til þess að á því megi reisa deilur um rétt manna til að nefna sig tæknifræðinga.“

Þess ber að gæta að umrædd gögn voru notuð sem grundvöllur undir þá ákvörðun stefnanda að hætta að viðurkenna skóla sem hann hafði áður viðurkennt.

Þess skal getið að samkvæmt gögnum málsins voru norskir og danskir tæknifræðingar skráðir í sama flokk (Ab) samkvæmt viðmiðunarreglum Evrópusamtaka tækni- og verkfræðingafélaga (FEANI) um svipað leyti og stefnandi hafnaði að mæla með „löggildingu Björns“ með bréfi dags. 14. júní 1977.

Þá skal þess getið að samkvæmt viðurkenningu stefnanda sjálfs er því ekki haldið fram að norskir tækniskólar hafi slakað á menntunarkröfum sínum á því tímabili sem hér skiptir máli heldur fremur að þeir hafi ekki fylgt þeirri þróun í tæknifræðinámum sem varð í Danmörku og Vestur-Þýska-

landi. Samkvæmt skýrslu Jónasar Guðlaugssonar, formanns námsnefndar stefnanda, var að því stefnt að menntunarkröfur tæknifræðinga yrðu í samræmi við þessa þróun, sem þýddi að tæknifræðingar og verkfræðingar yrðu „nokkurn veginn samhliða“. Þeirri þróun hefðu norskir skólar ekki fylgt.

Telja verður ljóst að þetta sjónarmið hafi öðrum þræði ráðið ferðinni við umrædda ákvörðun stefnanda um synjun á viðurkenningu á norskum tæknifræðiskólum. Í greinargerð með 5. gr. laga nr. 44/1963 var gert ráð fyrir að tæknifræðinám yrði millistig milli menntunar verkfræðinga og faglærðra iðnaðarmanna. Þau lagasjónarmið höfðu ekkert breyst er stefnandi tók hina umdeildu ákvörðun. Verður því að telja að greind sjónarmið stefnanda hafi verið andstæð tilgangi löggjafans.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður talið að stefnandi hafi ekki byggt ákvörðun sína frá 14. júní 1977 á málefnalegum forsendum. Var því iðnaðarráðherra ekki bundinn af synjun stefnanda og var því heimilt að veita stefnda Birni Gunnarssyni umrætt leyfi, svo sem gert var. Niðurstaða málsins verður því sú að sýkna ber báða stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Stefán Már Stefánsson prófessor og Valdimar K. Jónsson prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndu, iðnaðarráðherra og Björn Gunnarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Tæknifræðingafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.